

Þingeyjarsveitar um að samþykkja framkvæmdaleyfi fyrir Þeistareykjalínu 1 á meðan mál þetta er til meðferðar fyrir úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarorð í máli nr. 96/2016 eru eftirfarandi:
„Stöðvaðar eru framkvæmdir á grundvelli ákvörðunar sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar um að samþykkja framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 4, að því er tekur til framkvæmda innan skipulagssvæðis deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar, Þingeyjasveit, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 27. apríl 2012, á meðan mál þetta er til meðferðar fyrir úrskurðarnefndinni.“

Sveitarstjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála afgreiði málið svo fljótt sem verða má.

Ragnar Bjarnason vék af fundi undir þessum lið vegna vanhæfis.

6. Tilnefning fulltrúa í samstarfshóp stjórnvalda um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Mývatn og Laxá

Lögð fram beiðni frá Umhverfisstofnun, dags. 15. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir því að Þingeyjarsveit tilnefni fulltrúa í samstarfshóp stjórnvalda vegna endurskoðunar á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá. Verndaráætlun Mývatns og Laxár var gefin út árið 2011 með gildistíma í fimm ár og er því kominn tími á endurskoðun áætlunarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Árna Pétur Hilmarsson sem fulltrúa Þingeyjarsveitar í samstarfshópinn.

Til kynningar:

- a. Fundargerðir 281. og 282. funda stjórnar Eyþings
- b. Fundargerð 841. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45



Frá sundlaug Stórutjarnaskóla

Í vetur verður Sundlaug Stórutjarnaskóla

opin sem hér segir:

Mánudagskvöld kl 19:00 – 21:00

Fimmtudagskvöld kl 19:30 – 21:30

Fyrsta opnun vetrarins
mánudagskvöldið 29. ágúst

**Aðgangseyrir í sundlaugina er kr 400-
frítt fyrir börn á grunnskólaaldri og yngri,
einnig er frítt fyrir 60 ára og eldri.**

Stórutjarnaskóli
heilsueflandi skóli



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á miðvikudögum og auglýsingum þarf því að skila á mánudögum

fyrir kl. 15:00. ☺

Verð hálsíðu er kr.3.200.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is—895-3386



2. Erindi frá Sparisjóði Suður-Þingeyinga

Tekið fyrir að nýju erindi frá formanni stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, Ara Teitssyni dags. 29. júní s.l. Á fundi sveitarstjórnar þann 11. ágúst s.l. var sveitarstjóra og oddvita falið að vinna málið áfram.

Sveitarstjóri og oddviti áttu samtalið við varaformann stjórnar Sparisjóðsins og niðurstaðan var sú að óska eftir sameiginlegum upplýsingafundi með stjórn Sparisjóðsins, sveitastjórum og oddvitum hinna sveitarfélaganna, Skútustaðahrepps, Norðurþings og Tjörneshrepps, sem einnig fengu sent erindi um þátttöku í stofnfjárukningu sjóðsins.

Sveitarstjóra falið að kalla saman fund.

3. Erindi frá Skógræktarfélagi Suður-Þingeyinga

Lagt fram erindi frá Agnesi Þ. Guðbergsdóttur, formanni Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga, dags. 10. ágúst s.l. Þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 500.000 vegna aðalfundar Skógræktarfélags Íslands sem félagið mun halda í Þingeyjarsveit á næsta ári.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og vísar til gerðrar fjárhagsáætlunar 2017.

4. Endurskoðuð rekstraráætlun Dvalarheimilis aldraðra 2016

Á aðalfundi Dvalarheimilis aldraðra fyrir árið 2015 var samþykkt rekstraráætlun ársins 2016. Samkvæmt nýrri rekstraráætlun hækka framlög eignaraðila til heimilisins frá því sem búið var að tilkynna sveitarfélögunum. Heildarframlag Þingeyjarsveitar samkvæmt nýrri rekstraráætlun er 8.036 þús.kr. sem er 2.971 þús.kr. hærra en samþykkt var í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2016.

Sveitarstjórn samþykkir 2.971 þús.kr. aukaframlag til Dvalarheimilis aldraðra í samræmi við nýja rekstraráætlun félagsins og samþykkir þá upphæð sem viðauka við fjárhagsáætlun sem mætt verður með handbæru fé.

5. Bráðabirgðaúrskurður úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Mál nr. 95/2016, kæra á ákvörðun sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar um að samþykkja framkvæmdaleyfi fyrir Þeistareykjalínu 1 og mál nr. 96/2016, kæra á ákvörðun sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar um að samþykkja framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 4, hafa verið kveðin upp til bráðabirgða.

Úrskurðarorð í máli nr. 95/2016 eru eftirfarandi:

„Stöðvaðar eru framkvæmdir á grundvelli ákvörðunar sveitarstjórnar



**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
25.08.2016**

**197. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 25. ágúst 2016**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Ingibjörg Stefánsdóttir í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18.08.2016
2. Erindi frá Sparisjóði Suður-Þingeyinga
3. Erindi frá Skóræktarfélagi Suður-Þingeyinga
4. Endurskoðuð rekstraráætlun Dvalarheimilis aldraðra 2016
5. Bráðabirgðaúrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála
6. Tilnefning fulltrúa í samstarfshóp stjórnvalda um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Mývatn og Laxá

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18.08.2016

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18. ágúst s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 8 liðum.

3. liður fundargerðar; Hvoll í Aðaldal, stofnun fristundalóðar.
Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í Fasteignaskrá Þjóðskrár.

4. liður fundargerðar; Fljótsbakki, stofnun íbúðarhúsaloðar.
Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í Fasteignaskrá Þjóðskrár.

Varðandi 2. lið fundargerðar; Ófeigsstaðir Rangá, umsókn um framlengingu á framkvæmdaleyfi.
Ragnar Bjarnason lagðist gegn því að veitt yrði framlenging á bráðabirgðaleyfi til efnistöku.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.



Kæru íbúar Þingeyjarsveitar

Nú stýttist í að sorptunnum verði dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Við byrjum dreifingu laugardaginn 27.08. Búast má við að dreifing taki allt að hálfan mánuð. Hvert heimili sem greiðir sorphirðugjald fær 3 tonn. 1 með bláu loki undir pappírsefni. 1 tunna með grænu loki undir plast umbúðir og málma og sú 3 undir sorp til urðunar. Nánari upplýsingar um flokkun er að finna í bæklingi sem dreift var í vetur og á heimasíðu sveitarfélagsins www.thingeyjarsveit.is og heimasíðu Gámaþjónustu Norðurlands www.gpn.is. Mikilvægt er að finna ílátum góðan stað með tilliti til fokhættu og aðgengis. Okkar starfsmenn munu reyna að hitta á heimilisfólk þegar dreift er og svara spurningum sem mögulega vakna. Eins er gott að senda fyrirspurnir og óskir um t.d stærri ílát á nordurland@gamar.is. Síminn hjá okkur er 4140200 og við reynum að greiða skjótt úr málum sem koma upp. Fyrsta hreinsun er ráðgerð í viku 38 þann 20 og 21 september þá á sorpi til urðunar í annað hólf bílsins og pappírsefnum í hitt. Munaðarlausir gámar í sveitinn verða fjarlægðir uppúr því. Sorphirðudagatal verður svo útbúið að fyrstu hreinsun lokinni.

Kær kveðja

Gámaþjónusta Norðurlands



FRÁ BÓKASAFNI REYKDÆLA

Frá og með 1. september verður safnið opið
á mánudögum kl. 20.00 – 22.00 og á
fimmtudögum kl. 16.00 – 18.00
Ath! breytt símanúmer: 464 3178
Hlakka til að sjá ykkur.

Bókavörður

FERÐ F.E.B.P. ÞANN 7. SEPT.

Eins og fram hefur komið verður farið í ferðina okkar þann 7. sept. Rútuferðin kostar 4.500 kr á mann og væntum við þess að menn borgi þá upphæð í rútunni. Matur kostar 3.850 kr. og hann borgar hver fyrir sig, sem og annan kostnað. Ferðina með ferjunni borgar félagið (750 kr.) Söfnin og ferðina um eyjuna borgar einnig hver fyrir sig, enda ráða menn sjálfir hvað þeir nýta sér.

Heildarkostnaður er 9500 kr.

Sjáumst hress.

Ferðanefndin.

35.tbl.
31. ágúst
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Ertu kona og langar þig að spila blak?

Æfingar hjá Dalalæðum verða á mánudögum kl. 16:30-18:00
í Ýdölum og á miðvikudögum kl. 18:30-20:00 í
Íþróttahúsinu á Laugum.
Fyrsta æfing verður mánudaginn 5. september í Ýdölum.
Þjálfari í vetur verður Jóna Kristín Gunnarsdóttir.
Opið er fyrir skráningu nýliða til 15. október.
Sjáumst hressar!
Dalalæður

